

ORÐALISTI Í ÍSLENSKU SEM ANNAÐ MÁL

MÓÐURMÁL

Móðurmál er tungumálið eða tungumálin sem barnið lærir fyrst og fremst heima hjá sér. Oft er þetta málið sem fjölskyldan notar þegar hún talar saman. Barn getur átt eitt eða fleiri móðurmál t.d. ef pabbinn og mamman tala hvert sitt tungumál við barnið og barnið tileinkar sér bæði málin samhliða. Móðurmál er einnig kallað fyrsta mál barnsins.

ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Annað mál er málið sem barnið lærir eftir að það hefur tileinkað sér móðurmálið. „Annað“ vísar þannig til þess í hvaða röð barnið lærir málið. Raunin er sú að þetta getur fullt eins verið þriðja mál barnsins t.d. ef barnið á fleiri en eitt móðurmál. Annað mál er tungumálið sem er ríkjandi eða þjóðtunga í því samfélagi sem barnið lifir í. Á Íslandi er það íslenska.

ERLENT TUNGUMÁL

Erlent tungumál er tungumál sem dæmigert er að maður læri í námi eða í landinu þar sem málið er talað t.d. er enska, sem við lærum í skólanum, erlent tungumál.

AÐ VERA TVÍTYNGDUR

Þetta vísar til þess að barnið talar tvö eða fleiri tungumál. Það að vera tvítyngdur gefur ekkert til kynna hver málakunnátta barnsins er. Það getur verið að barnið hafi jafn mikið vald á báðum tungumálunum. Venjulega á barnið auðveldara með að tjá sig á öðru hvoru málinu eftir því í hvaða málaumhverfi barnið er. Það talar t.d. íslensku í leikskólanum en sómölsku heima.

MILLIMÁL EÐA EKKERT MÁL

Með þessu er átt við tungumál sem hefur sínar eigin reglur og breytist stöðugt. Segja má að þetta sé „tungumálið sem er á leiðinni“ þegar barnið er að reyna að þróa nýtt tungumál t.d. íslensku. Tungumál barnsins einkennist af villum en það er á þennan hátt sem barnið prófar sig áfram og þróar smámsaman tungumál sitt eftir því sem reynslan eykst.

RÍKJANDI TUNGUMÁL

Þetta hugtak gefur til kynna að tilteknir staðir t.d. leikskólinn eða heimilið séu tengdir við ríkjandi tungumál t.d. íslensku í leikskólanum.

KODESKIFT

Þegar barn skiptir á milli tveggja eða fleiri tungumála í samtali eða setningu er það kallað Þetta er meðvitað val sem barnið tekur til að geta haldið uppi samskiptum við einstaklinga sem hafa vald á sömu tungumálum og barnið